

20. desember 2019

Akureyrarbær, bæjarráð.
Geislagötu 9
600 Akureyri

Efni: Beiðni um að gatnagerðargjöld verði ekki reiknuð á skýlisbyggingu hjá Terra Norðurland við Hlíðarfjallsveg.

Þegar samið var um framlengingu sorphirðusamning milli Terra og Akureyrarbæjar til fjögurra ára vorið 2018, þá komu fram tilmæli frá Akureyrarbæ um að Terra færi í framkvæmdir til að minna sæist inn á lóð félagsins frá Hlíðarfjallsvegi. Terra fór strax í skipulagsvinnu varðandi að loka svæðinu betur og fyrsti valkostur var að lengja jarðvegsmön við Hlíðarfjallsveg. Eftir ítarlegar viðræður við Vegagerðina þá fannst ekki flötur á þeirri framkvæmd vegna nálægðar við Hlíðarfjallsveg.

Í framhaldi af því var ákveðið að loka betur með girðingu sem ekki sæist í gegnum. Í því hönnunarferli kom upp hugmynd um að nýta þessa framkvæmd við girðingu til að setja smá skýli eða þakkant á þessa nýju girðingu til að skýla betur þeim vörum sem geymdar eru tímabundið á athafnasvæði Terra.

Hinn 11.11.2019 barst bréf frá byggingarfulltrúa Akureyrarbæjar þar sem fram kom samþykkt við byggingu á léttu skýli á lóð Terra Norðurlands við Hlíðarfjallsveg, en jafnframt kom krafa um greiðslu gatnagerðargjalda að upphæð 4.150.542. kr. Þetta ferli hefur því miður tafið framkvæmdir því ætlun Terra var að koma þessari girðingu upp núna í haust. Þessi girðing og skýli hefur þegar verið keypt.


Þetta fyrirhugaða skýli er einfalt í uppsetningu og einnig auðvelt að fjarlægja. Það er alveg opið að framan og eina framkvæmdin er að setja nokkrar súlur til styrkingar. Fyrirhuguð girðing mun loka ágætlega fyrir ásynd inn á svæðið frá Hlíðarfjallsvegi en þakkanturinn eða skýlið mun hjálpa enn meira til að loka svæðinu frá Hlíðarfjallsvegi.

Þess má einnig geta að fyrirhuguð álagning gatnagerðargjalda er jafn há og það kostar okkur að kaupa girðinguna og skýlið.

Beiðni okkar er því að fallið verði frá því að leggja gatnagerðargjöld á þetta skýli í ljósi þess sem að framan greinir í þessu bréfi. Það er valkostur að reisa eingöngu girðinguna en það er verri kostur heldur en að nýta þessa góðu fyrirhuguðu girðingu sem uppistöðu fyrir þetta einfalda skýli sem nýtist við framkvæmd samstarfssamning Terra Norðurlands við Akureyrarbæ.

Virðingarfyllst,

Terra Norðurland hf.


Helgi Pálsson, rekstrarstjóri.

AKUREYRARBÆR
Mótt.: 23.12.2019
Málsnr.: 2019120295
Lykill: 10-011


Norðurland
Kt. 481287-1039 - Hlíðarfjallsveg
603 Akureyri